

# Hjartans mál

Kiwanisklúbburinn Skjöldur í Fjallabyggð hefur nú nýverið keypt fimm hjartastuðtæki og komið fyrir í byggðarlaginu. Hugmyndin er að slík tæki séu aðgengileg ef íbúar eða gestir verða fyrir áföllum og séu tækin þá tiltæk til fyrstu hjálpar.

Tækjunum hefur verið komið fyrir í Kjörbúðinni, bæði í Ólafsfirði og Siglufirði, í Skálarhlíð, Siglufirði, og húsi aldraðra í Ólafsfirði. Þá er tæki í Kiwanishúsinu á Siglufirði.

Hugmynd klúbbsins er að kortleggja staðsetningu tækja sem þessara í Fjallabyggð og merkja staðsetningu þeirra inn á götukort og dreifa meðal íbúa.

Snemma á árinu 2018 ætlar klúbburinn að bjóða íbúum Fjallabyggðar til kynningarkvölds þar sem fólk getur lært að nota tæki sem þessi því við áföll tengd hjarta geta fyrstu mínútur skipt sköpum.



Myndir og texti: Aðsent.